

Steinmenn eru í 490 m hæð

Steinmenn eru myndarlegir steindrangar sunnan við Súlumýrar. Gengið er frá tjaldsvæðinu á Hömrum eftir götuslóð að skátaskálanum Gamla og áfram eftir stikaðri leið að Steinmönnum. Þið sem takið þátt í leiknum og gangið að Steinmönnum eruð hvött til að taka með ykkur blað og blýant og spreyta ykkur á að teikna steinkarlana og skila myndunum til FFA um leið og þið skilið inn þátttökublöðunum. Það er líka gaman að stilla sér upp með steinmönnum og láta taka af sér mynd.

Vegalengd alls 8 km, hækkun 400 m